



# Áramótaræða 1966

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Áramótaræða - 1966

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-6, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Áramótaræða.

Eins og verða vill hefur árið 1966 fært mönnum bæði gleði og sorg, ávinning og erfiðleika. Á meðan lífið varir, vakna ætíð ný úrlausnarefni og vandamál. Öllum gengur okkur misjafnlega að ráða fram úr þeim. Enginn er fullkominn, og engum er heldur alls varnað.

Forsenda þess að vel fari er, að hver og einn reyni að skilja sjálfan sig og umhverfi sitt. Frá staðreyndunum verður aldrei flúið. Þeim er stundum hægt að breyta og verður það þó sjaldnast gert án fyrirhyggju og ærins erfiðis. En ekki tjáir að láta eins og þær séu ekki til. Óskhyggjan hefur gert margan að auðnuleysingja.

Hættan á því, að menn missjái sig og mismeti það, sem að höndum ber, er svo mikil, að enginn má gera leik að því að villa um fyrir sjálfum sér eða öðrum. Fátt er fordæmanlegra en að reyna að afla sér fylgis með því að blekkja aðra vísvitandi. Það er síst betra en að selja svikna vöru eða falsa ávísun. Sök þess, sem um slíkt gerir sig sekan, er þung gagnvart öðrum, en bitnar oft áður en yfir lýkur þyngst á honum sjálfum vegna þess, að hann endar á að blekkja og svíkja sjálfan sig ekki síður en aðra. Öllum skjátlast okkur öðru hvoru, og þess vegna ríður á að gæta boðorðs Ara fróða að hafa ætíð það, er sannara reynist.

Menn eru nú í íslenskum stjórnámálum að mestu hættir að bregða hver öðrum um föðurlandssvik og beina óþjóðhollustu. Flestir skilja, að ólíkar skoðanir koma af ólíkum sjónarmiðum, en ekki illvilja. Aftur á móti gætir einkennilegs hugtakaruglings í tali sumra um, að nú eigi að greina á milli manna eftir því, hvort þeir trúi á landið eða ekki. Íslendingar höfðu þegar fyrir kristnitöku flestir hætt að trúa á stokka og steina. Og eitt bezta ættjarðarskáld, sem hér hefur lifað Steingrímur Thorsteinsson sagði:

Trúðu á tvennt í heimi,  
tign sem hæsta ber,  
guð í alheimsgeimi,  
guð í sjálfum þér.

Sú trú hefur gefið ótal Íslendingum kraft til að vinna fyrir land og þjóð. Þá vinnu leggja menn fram ótrauðir af því, að þeir elska Ísland allir, án skilsmunar, án tillits til stöðu eða stéttar, skoðanaágreinings og flokkadrátta. Ættjarðarástin hefur þó ekki blindað hina ágætustu föðurlandsvini á eiginleika Íslands. Bjarni Thorarensen sagði:

Fjör kenni oss eldurinn, frostið oss herði, fjöll sýni torsóttum gæðum að ná.

Vegna þessarar hvatningar og annarra slíkra hefur síðustu kynslóðum tekist með vaxandi þekkingu, áræði og víðsýni að gera Ísland að miklu betra landi en það áður var. Það er vegna þessarar atorku þjóðarinnar, að hún er nú hætt að hrynja niður, ef fjöldi hennar kemst yfir nokkra tugi þúsunda eins og raun varð á um langar og daprar aldir í Íslandssögu. Landið er nú þegar orðið allt annað, sannast að segja óþekkjanlegt frá því, sem það var í bernsku þeirra, sem nú eru komnir á efri ár.

Þrátt fyrir þessi miklu umskipti, erum við staðráðnir í því að leggja okkur alla fram um, að þau verði einungis upphaf betri og bættra tíma. Ársins 1966 mun lengi verða minnst einmitt vegna þess, að þá var stigið afdrifaríkt spor fram á við til þess að gera Ísland að byggilegra landi. Það var gert með ákvörðuninni um Búrfellsvirkjun, Hún er fyrsta virkjunin í mesta stórfljóti Íslands, einum versta farartálmanum, sem þjóðin hefur átt við að búa og er mannvirki, sem mjög hefði hlotið að dragast, ef ekki hefði verið unnt að gera samning um sölu hluta raforkunnar sem við hana fæst. Álbræðslan, sem rekin verður með aflinu úr Þjórsá, er fyrsta verulega stóriðjan hér á landi. Sumum ofbýður stærð hennar, einkum af því hún verður í eigu erlends aðila. Út af fyrir sig er eðlilegt, að ágreiningur rísi um slíka samningsgerð. Svo hefur farið um nýmæli, sem minna er um vert en þetta. Víst er það, að við eigum mikið undir þessum erlenda aðila, en hann á einnig og ekki

síður mikið undir okkur. Hann leggur stórfé í mannvirkjagerð hér og á velfarnað fyrirtækis síns undir góðri samvinnu við Íslendinga.

Vegna sárrar reynslu á fyrri öldum erum við að vonum ófúsir til að afsala okkur sjálfsákvörðunarrétti í annarra hendur. Þess vegna erum við tregari en nágrannar okkar og frændþjóðir til að taka þátt í samtökum, bandalögum, til styrktar efnahag og atvinnu. Við óttumst - og ekki að ófyrirsynju, - að í slíkum samtökum verði það hinir stóru, sem öllu ráði. Lítt verði tekið tillit til hinna, sem svo litlir eru, að hina stóru munar ekki um þá og geta látið sér í léttu rúmi liggja hvað um þá verður. Engu að síður er hollt að minnast þess, að stórveldin ganga í slík bandalög af því, að þau telja sig ekki nógu stór til að geta verið án samvinnu við aðra, án slíkrar samvinnu nýtist þeirra eigin kraftar ekki til hlítar. Ef svo er um hina stóru, á það ekki síður við um þá litlu. Viðfangsefni okkar hlýtur því að vera að ná nauðsynlegri samvinnu við aðra, án þess að afsala því sjálfsforræði, sem við teljum lífsnauðsyn að halda í eigin höndum. Með tvíhliða samningsgerð, eins og þeirri, sem gerð var um álbræðsluna, náum við kostum alþjóðasamvinnu án þess að kalla yfir okkur þá ókosti, sem við óttumst.

Fásinna er, að nokkur þjóð geti nú á dögum lifað án samvinnu við aðra. Slíkur samvinnuskortur varð mestur bölvaldur á milli-stríðsárunum. Okkur birtist hann í hörmungum atvinnuleysisins milli 1932 - '39, þegar tíunda hver fjölskylda í Reykjavík varð á stundum langtímum saman að búa við neyð atvinnuskortsins, og var þó ástandið úti um land víða enn ömurlegra. Slíkt var ekki einsdæmi þá, atvinnuleysi herjaði flestöll lýðræðisríki og í sumum einræðisríkjunum var efnahagsvandinn leystur með "gereyðingu" þ.e. drápi margra milljóna. Einangrunin blandaðist þjóðernishroka, svo að hver einstakur tók sér sinn rétt sjálfur, hirti eigi um alþjóðalög heldur gerðist dómari í eigin sök. Sjálfbirgingshátturinn hleypti svo skjótlega seinni

heimsstyrjöldinni af stað. Sem betur fer hafa menn lært svo mikið af öllum þeim ósköpum, að nú eru allt önnur viðbrögð en áður fyrri. Samvinna og vaxandi skilningur þjóða í milli ráða nú í stað einangrunar og sjálftöku áður. Við eigum þess vegna ekki að óttast samvinnu við aðra, heldur sækjast eftir henni til að bæta landið og líf skjör fólksins, sem í því býr.

Þótt við viljum bæta landið, þá vitum við ofur vel, að aðal auðsuppspretta þjóðarinnar er og mun um langa hríð verða hafið umhverfis Ísland. Okkur virðist tvennt auðsætt: Annars vegar að gera verði ráðstafanir til friðunar fiskistofnunum umhverfis landið, svo að ekki sé hætt á eyðingu þeirra. Og hinsvegar, að við eigum að njóta forréttinda til veiða við strendur landsins, og miðum þá að því, að ná undir íslenska fiskveiðilögsögu öllu landgrunninu. Þetta markmið var þegar sett í landgrunnslögunum, sem lögfest voru að vel athuguðu máli á árinu 1948, og það markmið var ítrekað í samþykkt Alþingis frá því í maí 1959. Engum okkar, sem að þessum ákvörðunum stóðu og áttum mestan þátt í undirbúningi þeirra í ríkisstjórn og á Alþingi, kom til hugar, að leiðin að því marki yrði auðveld eða skjótfarin. Við gerðum okkur ljóst, að við yrðum ætíð að fara að alþjóðalögum. Enda er það vissulega svo, að smáþjóð verður að varast að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls. Sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta, en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum af því, að hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin.

Í allri meðferð landhelgismálsins hefur þess og ætíð verið gætt að brjóta aldrei á móti alþjóðalögum. Stækkunin 1952 var ákveðin á grundvelli dóms alþjóðadómstólsins/í Haag deilumáli Breta og Norðmanna. Og strax á árinu 1949 fengu fulltrúar Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna

því framgengt, að Þjóðréttarnefndinni svkölluðu væri fengið það verkefni að veita þeim atriðum, er snertu landhelgina forgang í athugunum sínum. Á árinu 1956 samþykkti þessi nefnd, að alþjóðalög heimili ekki víðari landhelgi en 12 mílur, en viðurkenndi, að engar fastar alþjóðlegar reglur væru í gildi, að því er snerti víðáttu landhelginna þ.e. innan 12 mílna markanna. Þessi samþykkt nefndarinnar var forsenda þess, sem gerðist á Genfar-ráðstefnunni 1958 og síðar, þ.á.m. aðgerða Íslendinga 1958. Með samningsgerðinni og ákvörðuninni 1961 var enn staðfest, að alþjóðalögum skyldi fylgt. Af okkar hálfu hefur þess vegna verið samfelld og rökrétt sókn í málinu allt frá setningu landgrunnslaganna 1948. Sjálfir höfum við deilt um einstök framkvæmdatriði stækkunaraðgerðanna 1952, 1958 og 1961, en ætíð verið sammála um meginatriðin og þá einkanlega það markmið að fá fiskveiðilögsögu yfir öllu landgrunninu. En til þess að svo geti orðið þarf að fá viðurkenningu í alþjóðalögum fyrir, að það brjóti a.m.k. ekki á móti þeim. Þess vegna var það síður en svo afsal á rétti, heldur trygging fyrir rétti, þegar samið var um það 1961, að hugsanlega deilu af þessu tilefni skyldi bera undir úrskurð alþjóðadómstólsins. Þar með er komið í veg fyrir, að ofbeldi yrði látið ráða eins og tilraun var gerð til gegn okkur 1958.

Gildi sjálftöku fer ekki eftir mætti þess, sem hana fremur, heldur allri réttarstöðu hans. Stundum er sjálftaka metin að réttum lögum jafngild árás. Enginn Íslendingur vill, að þjóð sín verði með sanni sökuð um slíkt. Allir tala a.m.k. á þann veg, að Ísland eigi að gera allt til þess, að deiluefni séu leidd friðsamlega til lykta. Hvernig getum við ætlast til þessa af öðrum, ef við erum ekki sjálfir fúsir til þess að því, er okkur varðar?

Sem betur fer horfir nú að ýmsu friðvænlegar í heiminum, en áður. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna nú og á næstu árum, ekki síst þegar kveðið verður á um áframhald Atlantshafsbanda-

lagsins, hvort við eigum að halda áfram veru okkar í því og þá hvert tillag okkar til bandalagsins eigi að vera. Okkur, sem teljum, að styrkleiki Atlantshafsbandalagsins eigi verulegan þátt í því, að nú horfir friðsamlegar en fyrr, virðist einsætt, að Íslendingar eigi að halda áfram að vera í bandalaginu. Engu að síður játum við, að sjálfsagt sé að skoða málið í ljósi ástandsins eins og það verður á árinu 1969 og næstu ár þar á eftir. Reyndar getum við nú þegar gert upp hug okkar um það, hvort svo friðvænlegt sé orðið, að verjanlegt sé að láta hið erlenda varnarlið hverfa úr landi. Samkvæmt ótvíræðum sanningsákvæðum getum við sjálfir hvenær sem er tekið þetta mál upp til ákvörðunar og úrlausnar með sanningsbundnum fresti. Óhjákvæmilega verður deilt um það, hvort varnir eigi að vera á Íslandi, og skiljanlegt er, að sumir vilji fremur, að Íslendingar taki að sér varnirnar eða hluta þeirra en hér haldist erlent varnarlið um óákveðinn tíma. En þá verða menn hreinlega að segja hvað fyrir þeim vakir. Hermenn hætta ekki að vera hermenn, þótt þeir séu kallaðir sérferðingar. Það er eðli starfsins, sem úr sker. Nafnbreytingin ein skiptir engu máli. Menn hljóta og að spyrja, hvort eðlilegt sé, að aðrir leggi mikið af mörkum til að halda uppi friði í heiminum, ef við viljum sjálfir engan skerf leggja fram í því skyni.

Það er sjaldgæft, að menn fái nokkru verulegu áorkað án þess að vinna fyrir því eða til þess. Ætíð sér gjöf til gjalda. Þeir, sem heita öðrum, að þeir skuli fyrirhafnarlaust öðlast gull og græna skóga, tala þess vegna annað hvort þvert um hug sér eða hafa furðulítið lært af lífinu.

Hitt er eðlilegt, að mönnum hér sem annarsstaðar sýnist sitt hverjum um það, hvernig heimsins gæðum verði sanngjarnlegast skipt og þau örugglegast aukin. Sú eilífðartogsteita mun halda áfram, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Hollast er þó að halda henni í þeim skefjum, að hún torveldi ekki raunhæfar framfarir öllum til góðs.

Kröfuharka er að vísu oft réttlæt看anleg, því að ef maður gætir ekki sjálfur réttar síns, hver á þá að gæta hans? En einnig í þeim efnum ber að hafa hóf á, og ekki fer á milli mála, að stéttatogstreita og kröfuharka eiga sinn þátt í þeirri verðpenslu, sem allir fordæma í orðum en erfiðara er að fá menn til að snúast til raunhæfrar baráttu gegn.

Viðurkenna ber þó, að þrátt fyrir ýmsar aðfinningar í gamni og alvöru, þá hefur enginn a.m.k. í almannaauguþýni snúist gegn verðstöðvuninni, sem nú hefur verið ákveðið að reyna. Sumir segja hana vitni þess, að allt efnahagskerfið sé í rústum, aðrir að hún sé einber kosningabeita. Um ásetning okkar, sem að þeim ráðstöfunum standa, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, <sup>úr</sup> um haldgæði úr-ræðanna fær reynslan ein skorið. En aldrei hefur það verið talið sönnun fyrir ónýti farartækis, þótt gripið væri til bremsu, þegar óvæntur farartálmi verður. Og óneitanlega er verulegur tálmi á leið okkar til aukinnar hagsældar, þegar langvinnarverulegar verðhækkanir, á útflutningsvörum okkar, sem öllum almenningi hafa jafnóðum komið til góðs, snúast skyndilega upp í stórfelldar verðlækkanir. Ef svo verður, að ráðstafanir til verðstöðvunar reynist ekki nógu róttækar gegn aðsteðjandi vanda ber að grípa til annarra, sem betur duga. En víst er, að verðstöðvunin nær ekki tilætluðum árangri nema hún njóti virks stuðnings og atbeina alls almennings.

Hér fer sem ella bezt á því að æðrast ekki, heldur velja þau ráð, sem líklegust eru til að verða flestum til heilla. En þótt við sjáum skamt fram, mun vonandi enn svo reynast, að góðvild og rétt hugsun séu öruggir áttavitar inn í óvissa framtíð. Ef við í þeirra ljósi beitum beztu fáanlegri þekkingu, og höldum áfram ferð okkar með ást á Íslandi og trú á Guði í huga, þá treystum við því að vel fari.

Að svo mæltu árna ég öllum landsmönnum árs og friðar, þakka fyrir ~~hjálfundina~~ og óska gleðilegs árs 1967.

Góða nótt.

árit, sem mi er  
at lobum komit